

Starfsreglur Foreldrafélags Brekkubæjarskóla

1. grein

Félagið heitir „Foreldrafélag Brekkubæjarskóla“. Foreldrar og forráðamenn barna í Brekkubæjarskóla eru félagsmenn þann tíma sem þeir eiga börn í skólanum.

2. grein

Heimili félagsins og varnarþing er í Brekkubæjarskóla, Vesturgötu 120, 300 Akranesi.

3. grein

Stjórn félagsins skipa **fimm** foreldrar/forráðamenn, æskilegt er að þar af sé einn sem einnig er fulltrúi foreldra í skólaráði. Stjórn skal kjörin til tveggja ára í senn tveir stjórnarmenn annað árið og þrjú hitt árið. Stjórn skiptir með sér verkum/embættum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund (formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi). Aldrei skulu fleiri en þrjú ganga úr stjórn í einu. Starfstímabil félagsins er skólaárið. Formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfund þegar þurfa þykir. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum.

4. grein

Tilgangur og markmið félagsins eru að:

- Styðja við skólastarfið og efla samstarf heimilis og skóla
- Vera samstarfsvettvangur foreldra og sjá um upplýsingamiðlun og félagsstarf
- Koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál
- Efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans
- Efla þekkingu foreldra á starfsemi skólans
- Styrkja menningar- og félagslíf innan skólans
- Koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál í samráði við skólann
- Taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og samtök foreldra

5. grein

Starf félagsins byggist á samstarfi foreldra/forráðamanna nemenda, kennara og stjórnenda skólans.

Markmiðum sínum hyggst félagið ná með að:

- Byggja upp öflugt bekkjarstarf með því að styðja við starf bekkjarfulltrúa í hverjum bekk og virkja sem flesta foreldra í foreldrastarf
- Koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál
- Setja sér skýrar starfsreglur
- Halda almenna foreldrafundi
- Skipa í nefndir og starfshópa
- Standa að upplýsingamiðlun til foreldra með því að senda reglulega fréttir af starfi foreldrafélagsins á fésbókarsíðu félagsins og skólans og hafa fundargerðir félagsins aðgengilegar á vefsíðu skólans

- Stuðla að öfluggu félagslífi innan skólans
- Vera bakland Skólaráðs
- Kjósa 2 fulltrúa í skólaráð samkvæmt starfsreglum félagsins eins og 9.gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla gerir ráð fyrir
- Styðja og efla hverja þá starfsemi, sem stuðlar að auknum þroska og menningu skólans
- Taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og samtök foreldra.

6. grein

Bekkjarfulltrúar starfa á vegum foreldrafélagsins sem setur þeim starfsreglur.

Bekkjarfulltrúar mynda fulltrúaráð foreldrafélagsins. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra og barna og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hvernar bekkjardeildar með nánu samstarfi við umsjónarkennara. Stjórn foreldrafélagsins hvetur til þess að í upphafi skólaárs séu kosnir tveir til þrjár fulltrúar forráðamanna úr hverri bekkjardeild til tveggja ára í senn. Í fyrsta bekk eru tveir eða einn kosnir til tveggja ára og einn til eins árs til að stuðla að því að allir hætti ekki á sama tíma.

7. grein

Auglýst skal eftir framboðum í stjórn foreldrafélagsins ef þurfa þykir, eða a.m.k. hálfum mánuði fyrir aðalfund.

8. grein

Stjórn foreldrafélagsins skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma á milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.

9. grein

Stjórn félagsins getur kallað saman fulltrúaráðið ef þurfa þykir, t.d. til að ræða mál er varða markmið og starf foreldrafélagsins, starf foreldra í bekkjardeildum og verkefni skólaráðs. Einnig getur stjórn félagsins óskað eftir aðstoð fulltrúaráðsins í stærri verkefnum.

10. grein

Aðalfundur skal haldinn einu sinni á skólaári og skal boða til fundarins með minnst sjö daga fyrirvara. Stjórn foreldrafélagsins boðar til fundarins í samstarfi við fulltrúa foreldra í skólaráði og skal í fundarboði kynna efni fundarins. Á aðalfundi félagsins skal stjórn gera upp árangur liðins árs.

Verkefni aðalfundar:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Lagabreytingar
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Stjórnarkjör

- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði
- Kosning fulltrúa í skólaráð samkvæmt starfsreglum félagsins
- Önnur mál
-

11. grein

Stjórn félagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar/forráðamenn greiði framlag til félagsins. Gjaldið er valgreiðsla, upphæðin er ákveðin á aðalfundi félagsins og er föst upphæð á hvert heimili (óháð fjölda barna).

Fjármunum skal varið í þágu starfs foreldrafélagsins eða skólans.

Þetta gjald gerir félaginu kleift að fjármagna fræðslufyrirlestra fyrir nemendur og foreldra og aðrar upptökur sem félagið stendur fyrir á skólaárinu, nemendum og öðrum til ánægju og fræðslu.

12. grein

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang félagsins, í þágu nemenda skólans.

13. grein

Reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, enda séu breytingartillögur kynntar í skriflegri fundarboðun með minnst sjö daga fyrirvara.

14. grein

Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að skipa nefndir um afmörkuð viðfangsefni. Stjórnin setur nefndum verkáætlun í samráði við þær.

Starfsreglur samþykktar á aðalfundi/stofnfundi Foreldrafélags Brekkubæjarsjóla 10. október 2002.

Breytingar á starfsreglum samþykktar á aðalfundi Foreldrafélags Brekkubæjarskóla, og öðlast gildi frá og með 12. október 2010.

Breytingartillögur lagðar fram á aðalfundi Foreldrafélags Brekkubæjarskóla, Akranesi 2. desember 2020